

Þjónandi forysta – samskipti og samfélagsleg ábyrgð.

Samantekt á samtali þátttakenda í hópum

Hvað er samfélagsleg ábyrgð?

Hvernig má nýta þjónandi forystu til að efla samfélagslega ábyrgð?

Að láta sig málin varða.

Taka ábyrgð á því umhverfi sem þú vilt búa í sbr. Snæfell.

Við berum ábyrgð á þeim sem búa í samfélaginu okkar, börnum og gamlimum. Ef við hlustum á samfélagið, þá sem búa í samfélaginu, þá getum við náð sátt í samfélaginu.

Hugtakið þjónandi forysta er ekki framandi fyrir marga stjórnendur sem vinna við það að virkja fólk, hlusta, skoða hvernig fólk vill bæta starfið, hafa samskipti við börn og foreldra, t.d. á leikskóla, taka tillit til margbreytileika.

Betri Reykjavík fólki er gefinn kostur á að koma með athugasemdir og tillögur. Það getur verið dæmi um nálgun við þetta. Íbúalýðræði sem hefur farveg hjá Reykjavíkurborg

Samfélagsleg ábyrgð er mismunandi eftir samfélögum. Hér á Íslandi er t.d ekki mikil menning fyrir sjálfböðavinnu.

Við þurfum hvert og eitt okkar að taka ábyrgð á samfélaginu, t.d. vera málsvarar heilsu í sínu nærumhverfi.

Af hverju koma karlmenn ekki á ráðstefnu um þjónandi forystu?

Það er ekki þjónandi forysta nema þú viljir að starfsmaður þinn vaxi og dafni. Það eru mörk og stjórnendur þurfa að taka þá ákvörðun hvort á að hjálpa starfsmanni til að vaxa eða hvort það á að hugsa um hag fyrirtækisins ef starfsmaður vinni.

- Ábyrgð og virk þátttaka – felur í sér að fara út fyrir sitt eigið þægindasvið og virkja aðra í samfélaginu eða í kringum sig. Að vera virkur gefandi ekki bara þiggjandi. Virða jafnræði í þeim verkefnum sem verið er að vinna að.
- Öll hlutverk eru jafn mikilvæg og sú sýn skapar virðingu. Trú á að þekking allra sé jafn mikilvæg þarf að vera til staðar til að virðing skapist.
- Virðing fyrir því sögusviði sem við göngum inn í er mikilvægur þáttur
- Mikilvægt að hafa í huga að hugur fylgi verki – engar beingreiðslur án eftirfylgni
- Samfélagsleg ábyrgð hefur margskonar mynd, hógværd er mikilvæg jafnt sem og að þekkja takmörk sín og sýna heiðarleika
- Sjálflægi er löstur
- Hraði samfélagsins hefur áhrif á ofangreinda þætti – er samfélagsleg ábyrgð virkari í minni samfélögum? Erum við búin að missa ákveðna menningaþætti í stærri samfélögum eða hefur hún kannski breyst, er vert að skoða það betur. Hvernig er hægt að koma til móts við ólíkar þarfir einstaklinga

- Að eiga eitthvað sameiginlegt er lykilþáttur – að finna það sem við eigum sameiginlegt getur verið flókið með ólíkum aðilum sem hafa ólíkar þarfir. Sameiginleg framtíðarsýn því mikilvæg.
- Öryggi og tækifæri í samfélögum þurfum við að skapa sjálf, en einnig með stuðningi einstaklinganna í samfélaginu.
- Við þurfum að horfa til ólíkra kynslóða og koma til móts við þær þarfir sem hver og ein kynslóð skapar sér.
- Hefur orðið breyting á þeirri upplifun um það hvað við eigum sameiginlegt í samfélögum. Hefur vilji til þátttöku minnkað og sjálflægni aukist?
- Þarf leiðtogi að vera ákveðinn eða hafa ákveðna eiginleika, nema hvort tveggja sé?

Höfðað sé til ábyrgðarskyldu einstaklingsins gagnvart öllu samfélaginu, að hver einstaklingur sé meðvitaður um að hann hefur ákveðna ábyrgð gagnvart hinum í hinu stóra samhengi. Hann sé ekki einvörðungu einn stakur og sé ekki einungis þátttakandi í samfélaginu heldur skili sínu til samfélagsins, hér á einkunnarorðin „*HINIR og ÞÚ*“ vel við.

Þeir eldri bera ábyrgð á að móta þá yngri og leiðbeina þeim með því að kenna þeim góð gildi, efla ábyrgðarkennd og kostnaðravitund t.d. með því að vekja til vakningar um hvar erum við í samfélaginu og hvað keyrum við. Hvað kostar hvert barn og skólaganga fyrir hvert barn o.s frv.

Að við fólkið í samfélaginu séum samhuga og það sé okkar skylda að veita hverjum og einum þjóðfélagsþegn öryggi og aukin tækifæri í öllu samfélaginu, þ.e. að hver og einn þjóðfélagsþegn fái að njóta sín. Þannig að það sé pláss fyrir alla.

Vera fyrirmyndir, ganga á undan með góðu fordæmi og gera góða og rétta hluti. Það sé hinn sanni leiðarvísir í vegferð til velferðar, vellíðunar, réttlætis og jöfnunar sem betrubætir allt samfélagið.

Nýta má þjónandi forystu til að efla samfélagslega ábyrgð með því að byggja upp samfélagið og hlúa að því með þeim gildum og hugmyndum sem þjónandi forysta grundvallast á. Með eflingu, styrkingu, auðmýkt og trausti ásamt því að mæta þörfum allra á öllum stigum samfélagsins. Hafa gildi og hugmyndafræði þjónandi forystu sem fyrirbyggju, gildin geti verið þau verkfæri til þess að brjóta niður stéttarmúta og kveða burt hroka og háttarni sem elur af sér ójafnræði og valdhneigð, en efla jafningjahugsun og jafningjaatferli.

Gefa hverjum og einum tækifæri, allir fái tækifæri til þess að njóta sín í lífi og starfi. Allir fái að vaxa í starfi, ómenntaðir sem og menntaðir óháð iðju. Áhersla sé fyrst og fremst á styrkleika og veikleika einstaklinga, þeir nýti styrkleika sína, í því samhengi að með háskólagráðu er ekki fengin alls herjar viska um lífið og tilveruna. Ala upp þau fyrirheit að ekkert er óáðra, enginn er yfir annan hafinn. Temja sér þessi gildi, uppbyggilega hegðun og góða samskiptatækni og markvisst hafa þau að leiðarljósi í skólum og inná heimilum. Stuðla að meiri tengslum milli heimilis og skóla og kenna börnum samræðutækni og rökræðutækni ásamt því að auka almenna umræðu og vitund í samfélaginu um mikilvægi góðra samskipta fyrir velgjörð og frama allra einstaklinga.

Tengsl á milli þjónandi forystu og samfélagslegrar ábyrgðar endurspeglast m.a. í því hvernig menn hugsa um, hlusta á og þjóna fólkinu sem þeir eru í samskiptum við.

Ef þjónandi forysta smitar tengslin á milli eigenda, stjórnenda, starfsmanna og út til samfélagsins, styrkir hún samfélagslega ábyrgð.

Hlutverk leiðtoga og stjórnenda hefur mikið breyst á undanförunum árum. Nú hefur samfélagið mikla þörf fyrir fleiri auðmjúka leiðtoga.

- Láta sig aðra varða
- Að vera ekki ein/n
- Félagstörf
- Láta gott af okkur leiða
- Að þjóna
- Að allir hafi rödd
- Allir skipti mál
- Umhyggja fyrir náunganum
- Þátttaka í samfélaginu

Þjónandi forysta er í raun áhersla á mannlega partinn, að vera mannlegur og hlusta á vinnufélaga og óskir þeirra.

Samfélagsleg ábyrgð:

Skólastjóri í menntaskóla nefndi sem dæmi hlaup sem skólinn stendur fyrir einu sinni á ári þar sem nemendur safna áheitum fyrir málefni sem snerta ungt fólk. Nemendur og starfsfólk skólans koma að skipulagningu og umgjörð hlaupsins. Síðast var peningurinn sem safnaðist gefinn til samtakanna Barnaheill. Markmiðið er að efla vitund nemendanna að rétta hjálparhönd til samfélagsins.

Kennari í háskóla nefndi að það skipti sköpum fyrir háskóla að vera í samskiptum við samfélagið með samvinnu við fyrirtæki og aðrar stofnanir í nærsamfélaginu.

Yfirhjúkrunarfræðingur á heilsugæslu sagði að á hennar vinnustað væri verið að vinna með þjónandi forystu og að reynt væri að miðla „best practices“ til samfélagsins.

Fulltrúi í upplýsingamiðstöð sveitarfélags sagði mikilvægt fyrir æðstu stjórnendur slíks þjónustufyrirtækis að hafa skýra stefnu í þjónandi forystu.

Formaður þjónustunefndar í stóru fyrirtæki sagði gott að stjórnendur fyrirtækisins leggðu áherslu á orðræðuna sem þjónandi forysta nota. Sem dæmi notar yfirstjórnandinn mikið orðið „auðmýkt“ sem skilar sér inn í fyrirtækið sem skilaboð til starfsmanna.

Útibústjóri í banka sagði gott að stjórnendur hefðu auðmýkt til að viðurkenna mistök og að starfsánægja starfsfólks væri mikilvæg.

Iðjuþjálfari talaði um hversu vel þjónandi forysta passar í hennar starf þar sem hún metur aðstæður hjá fólki sem þarf ákveðna þjónustu.

Uppsagnir og hvernig staðið væri að þeim var einnig rætt í tengslum við þjónandi forystu. Dæmi var tekið þegar ákveðið stórfyrirtæki þurfti að fara í fjöldaupsagnir, var mikið hugað

að því að bera virðinggu fyrir starfsfólkinu og að bjóða upp á aðstoð í atvinnuleit. Reynt var að koma til móts við fólk sem þurfti að segja upp með ýmsum aðgerðum. Hins vegar fékk fyrirtækið á sig mikla gagnrýni vegna þess að það þótti ekki sýna nógu mikla samfélagslega ábyrgð þar sem verið væri að segja upp fólki.

- Byrja í skólum, heimilum -> Smitast út: Fyrirmynd; orð ekki nóg.
- Reflectera. Eintal með sjálfum sér.
- Halda upp á sigra.
- Byrja strax -> Vinni ósjálfrátt saman
- Skóli, uppeldi, heimili: Búa til samtalið.
- Þora að taka samtalið í viðkvæmum aðstæðum. Hugrekki.
- Auðkenna leiðtoga til að efla í þjónandi forystu.

Þegar þú lætur þig velferð annarra varða.

Þegar þú vilt taka virkan þátt í samfélaginu

Hvað get ég gert til að bæta samfélagið?

Reynum að efla lífsgæði allra innan samfélagsins, fyrirtækisins, heimilisins, þ.e. leggjum eitthvað til heildarinnar, en ætlumst ekki til að fá peninga fyrir.

endurvinnsla – partur af samfélagslegri ábyrgð?

Eruð þið heil og góð – þið í kringum mig?

Láta gott af sér leiða.

Lífsgildi – virðing – hvað getum við gert betur?

Efling samferðafólks

Hjálpum náunganum

Komum vel fram og af kurteisi

Það má gera mistök

Auðmýkt til handa öllu fólki og öllum aðstæðum